

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2013
Tilvísun ÞÍ: 2013111246/0.2.0

Vísað er til tillögu til þingsályktunar, þingskjals 62 – 62. mál sem birt er á heimasíðu Alþingis. Í tillögunni er lagt til að hlutast verði til um að Hagstofa Íslands kalli eftir upplýsingum frá kjörstjórnnum um kjörsókn eftir fæðingarári við kosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur frá og með árinu 2014, auk hefðbundinnar tölfræði, sbr. XIX. kafla laga nr. 24/ 2000, um kosningar til Alþingis.

Þjóðskrá Íslands gefur út kjörskrárstofna vegna almennra kosninga samkvæmt þeim lögum sem um viðkomandi kosningar gilda. Er þar m.a. mælt fyrir um að sveitarstjórn skuli gera kjörskrár á grundvelli kjörskrárstofna og birta kjörskrár opinberlega 10 dögum fyrir kosningar.

Þar sem kjörskráin er á pappírformi er ekki hægt að beita rafrænum aðferðum við talningu eða gerð tölfræði uppúr kjörskránni. Til þess þyrfti að nota rafræna kjörskrá en yrði þá mögulegt að taka alls kyns tölfræði út úr slíku kerfi. Þjóðskrá Íslands hefur hafið vinnu við að skoða möguleika til gerðar rafrænnar kjörskrár en það verkefni er á frumstigi og mun bæði þurfa fjármagn og breytingar á kosningalögum til þess að gera þær hugmyndir að veruleika.

Það er álit Þjóðskrár Íslands að söfnun þessara upplýsinga gæti gefið athyglisverða mynd af þróun kjörsóknar hjá þeim sem kosningarétt hafa hér á landi. Stofnunin bendir á með hliðsjón af ofansögðu að örðugt geti orðið að safna umræddum upplýsingum þar sem skráning þeirra þyrfti að fara fram handvirkt og yrði væntanlega framkvæmd af starfsfólki kjörstjórna. Það gæti leitt af sér lengri biðtíma við atkvæðagreiðslu og aukið álag og vinnuframlag hjá kjörstjórnnum.

F.h. Þjóðskrár Íslands


Ástríður Jóhannesdóttir
Lögfræðingur